

Anna Lía Guðmundsdóttir

Fornleifaskráning Stórasels



Reykjavík október 2014
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 169

Fornleifaskráning Stórasels

Saga

Áður fyrr virðist hafa verið algengt að útihús væru höfð í högum, oft langt frá bæjum, þar sem búfénaður var látinn ganga á sumrum. Slík hús voru nefnd sel og var þetta kallað að hafa í seli. Nafn býlisins eða jarðarinnar Sels, sem var ein af nágrannajörðum Reykjavíkur, bendir til þess, að þar hafi upphaflega verið selstaða frá Vík.¹ Árið 1367 er Sel talið sem eign Jónskirkju postula í Vík, samkvæmt Hítardalsbók.² Litlum sögum fer af Seli næstu aldirnar. Í Jarðbókinni frá 1703 er jarðardýrleiki sagður óviss og ábúandi einn, Ólafur Benediktsson. Þar segir einnig:

Landskuld II álnir. Betalast með V vættum fiska til bóndans í Vík. Leigukúgildi eru 2, leigur betalast í smjöri heim til bóndans. Kvaðir um mannlán um vertíð, dagsláttur eins og styrkur til flutninga þá Bessastaðamenn kalla. Heyhestur einn til fálkana, heimtur alls þrisvar síðan fálkar sigldu í Hólmi, fyrr var sú kvöð aldrei, kvikfénaður 4 kýr, 4 ær, 3 lömb, 2 hestar, 1 foli veturgamall. (...) Heimilismenn 8 og níundi heilsuveikur mágur bóndans, torfrista, stunga og móskurður í Víkurlandi frí. Rekavon nokkur, hrognkelsafjar nokkur. Skeljafjara nægilega í Víkurlandi. Heimræði er árið um kring og lending sæmileg, ganga skip ábúandans eftir hentugleikum. Konungsskip hafa hér sjaldan gengið, þó stundum, (...) Túnnum grandar sjór árlega. Engjar eru mjög litlar. Úthagar öngvir nema í óskiptu Víkurlandi, (...). Vatnsból þrýtur stundum bæði sumar og vetur. Afbýlismaður heim við bæinn einn.³

Jarðardýrleiki er enn óviss um 1835-1845 þegar Johnsen gerir sitt jarðatal, en þá er Bráðræði skráð sem hjáleiga Sels: "1803 segir fyrst frá Bráðræði, sem hjáleigu frá Seli, og Litla-Sel nefnir bæjarfógeti einn, sem hjáleigu þaðan. Prestur telur 5 býli á öllu Seli, en bæjarfógeti telur eigi ábúendur. Prestur, en enginn annar telur Sauðagerði með 5 býlum."⁴ Seint á 18. öld bjó í Seli Þorfinnur Þorbjarnarson frá Skildinganesi. Hann var lögréttumaður um skeið og er þess getið í heimildum að hann hafi setið á Alþingi á tímabilinu 1787-1793. Með konungsúrskurði 1809 var ákveðið að prestssetur skyldi vera í Seli. Þangað fluttist Brynjólfur Sigurðsson (Sívertsen) dómkirkjuprestur (d. 1837).⁵ Athyglisvert er að á korti frá 1801 er merkt inn „Sels Præstegaard“. Annað hvort hefur upplýsingum um prestssetrið verið bætti inn á kortið eftir á, eða að prestur hafi búið þar þegar árið 1801.

¹ Páll Línal, *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 3 bindi, bls. 38.

² *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls.220.

³ *Jarðbók, Árni Magnússon og Pál Vídalín*, 1923-1924, bls. 253.

⁴ J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 121 n.m.

⁵ Pál Línal *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 39.

Fram til 1835 tilheyrði jörðin Seltjarnarneshreppi en var þá lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.⁶ Útræði var frá Seli árið um kring og á 19. öld tóku að rísa í landi Sels býli tómthúsanna, en svo kölluðust þeir sem aðalatvinnu höfðu af fiskveiðum á opnum bátum. Tómthúsbylí sem byggðust upp í landi Sels drógu mörg nafn af heimajörðinni og líklega hefur nafn Sels þá breyst í Stórasel.⁷ Selsbæirnir voru síðast taldir fimm og voru, auk Stórasels: Miðsel, Litlasel, Jórunnarsel og Ívarssel. Síðasta bæjarhús Stórasels, steinbær sem var reistur á árunum 1884-1893, stendur enn á lóðinni Holtsgötu 41b. Miðsel, steinhús reist 1874, er nú horfið en stóð þar sem nú er húsið nr. 19 við Seljaveg. Ívarssel, timburhús byggt 1869, stóð norðan Vesturgötu á lóðinni nr. 66b allt til ársins 2005 þegar það var flutt í Árbæjarsafn. Litlasel og Jórunnarsel eru sambyggðir bæir, byggðir 1881 og 1889, og standa enn á lóðinni Vesturgötu 61.⁸



Mynd 1. Hluti af korti frá árinu 1801, sem mælt var og teiknað af Ohlsen og Aanum. Prestssetrið Sel er þar á miðri mynd og tún bæjarins er afmarkað með steinhlöðnum garði. Á kortinu má sjá Ánanaust norðaustur af Seli.

⁶Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi bls. 61 – Pál Línal, *Reykjavík Sögustaður við Sund*. 3. bindi. bls. 110.

⁷Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 120.

⁸Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun – Seljavegur – Ánanaust – Holtsgata – Vesturgata*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 135, bls. 11.

Árið 1862 seldi séra Ólafur Pálsson Magnúsi Jónssyni jörðina Sel með hjáleigum og fylgdi henni þá hjáleigan *Bráðræði* og nokkur tómthús á Bráðræðisholti, auk grasbýlisins *Litlasels*.⁹



Mynd 2. Hluti af korti frá 1850 eftir Björn Gunnlaugsson. Inn á kortið eru merktir bæirnir (frá vestri): Bráðræði, Háholt, Lágholt, Pálshús, Stórasel, Steinsholt, Litlasel og Hali, allir innan lands Sels. Að auki sjást á kortinu bæirnir Ánanaust, Garðhús og Hlíðarhús og sunnar eru svo Doktorshús og Prófastshús.

Á korti eftir Benedikt Gröndal frá árinu 1887 eru sýndir á Stóraseli tveir tveggja bursta bæir. Samkvæmt kortinu ættu þetta að vera torfhús, en trúlega er villa í kortinu, því á korti Sveins Sveinssonar frá sama ári, sem er grunnur að korti Benedikts, er einn tveggja bursta bær og eitt stakt hús og tóft sem er við tröðina. Steinbærinn Stórasel, sem stendur enn í dag á lóðinni Holtsgötu 41b, var samkvæmt brunaúttektum byggður í tveimur áföngum, vestara húsið 1884 og eystra húsið 1893.¹⁰ Trúlega hefur steinbærinn að Stóraseli verið byggður á sama stað og áður stóð tveggja bursta torfhús.

⁹ Skjöl byggingarnefndar Reykjavíkur (B) yfir Holtsgötu 41b (B-nr. 758).

¹⁰ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884; Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893.



Mynd 3. Hluti af korti Benedikts Gröndal frá 1887. Stórasel er austan við lækinn. Húsin eru sýnd sem tveir tveggja bursta bæir austan við heimtröðina, en hún lá frá Framnesvegi vestur að bæjunum tveimur og til sjávar.

Árið 1888 keypti Reykjavíkurbær Sel og árið 1892 varð jörðin hluti af verslunarlóð bæjarins.



Mynd 4. Hluti af korti Herforingjaráðs frá 1907. Selsbæirnir eru merktir númer 22. Vestast er Stórasel, sem er þá þrjú hús, austar er Miðasel, sem er þá eitt hús og norðaustar eru Litlasel og Jórunnarsel, sem stóðu og standa enn hlið við hlið við Vesturgötu. Ívarssel, sem stóð hinum megin við Vesturgötu, er ekki merkt með tölunni 22.

Á korti frá 1907 eru húsin við Stórasel orðinn þrjú, miðjuhúsið er það hús sem stendur enn í dag. Sel var um langt skeið hið mesta myndarbýli, með allmiklu túni á alla vegu og fyrirtaks útræði frá Stóraselsvör.



Mynd 5. Kort frá um 1913 sem sýnir Stóraselstún og húsin á Stóraseli, sem eru þá þrjú. Í gegnum túnið voru lagðir brautateinar fyrir jarnbrautina sem fór þar um vegna uppbyggingar á Grandagarði.

Borgarstjóri Knud Zimsen auglýsti í Morgunblaðinu 14. mars 1918 að Stóraselstún og Ívarsselstún fengjust til leigu á yfirstandandi ári. Tún Stórasels hafði þá minnkað frá því um aldarmótin 1800 úr 8 hekturum í 3,5 hektara, auk þess sem jarnbrautateinar voru lagðir þvert yfir það vegna uppbyggingar á Grandagarði. Umferð um túnið hefur einhver verið, því Jóhannes Magnússon auglýsir í Vísi 22.05.1918 að öll óþarfa umferð sé stranglega bönnuð um Stóraselstún.



Mynd 6. Stórasel um 1922-1928.¹¹



Mynd 7. Stórasel um 1970.¹²



Mynd 8. Stórasel haustið 2014.¹³

¹¹ ÁBS 10 144, ljósmyndari óþekktur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn.

¹² ÁBS 1464, ljósmyndari Sveinn Þórðarson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn.

Stórasel, Holtsgata 41b, Reykjavík

Steinbær með burstalagi. Mikið hefur verið byggt við bæinn á ósmekklegran hátt og af miklu skipulagsleysi. Þó hefur ekki verið hróflað við upphaflegum veggjum bæjarins svo nokkru nemi. Stórasel er eini steinbærinn sem eftir er í Reykjavík sem er tvöfaldur, þ.e. með tveimur burstum. Vestara húsið var byggt árið 1884 en hið austara 1893. Í húsinu eru fólgin elstu spor byggðar á þessum stað.¹⁴

Í virðingu frá 1884 kemur fram að Sveinn Ingimundarson hafi byggt íbúðarhús með stein-veggjum og timburgólfum, járnþak í skarsúð, lengd 12 ál, breidd 7 ½ al og hæð 4 ½ al. Í því hafi verið þrjú herbergi auk eldhúss.¹⁵

Í virðingu árið 1893 kemur fram að Sveinn hafi byggt áfast við austurhlið íbúðarhússins sem sé að nokkru leyti byggt úr steini en nokkru úr tré, þannig að austurhliðaveggur viðbyggingarinnar hafi verið hlaðinn úr steini, en gaflar úr borðaklæddum bindingi með pappa utaná. Fram kemur að á viðbyggingunni er járnþak á súð og í henni er eitt herbergi þiljað. Hún er 12 ¼ álnir að lengd, 7 álnir að breidd og 4 álnir á hæð.¹⁶

Árið 1948 höfðu gaflar hússins frá 1893 verið múrhúðaðir og við húsið hafði verið byggður inngönguskúr úr timbri, múrhúðaður. Einnig hafði verið byggður kjallari undir húsið. Árið 1981 kemur fram að ýmsar breytingar hafi verið gerðar á húsinu.¹⁷

¹³ Ljósmynd Anna Lína Guðmundsdóttir.

¹⁴ Húsaskrá Reykjavíkur, Holtsgata 41b.

¹⁵ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884;

¹⁶ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893.

¹⁷ Húsaskrá Reykjavíkur, Holtsgata 41b.

Fornleifar við Stórasel



Mynd 9. Fornleifar á bæjarhlaði Stórasels. Rauðir punktar sýna staðsetningar fornleifa.¹⁸

Sel 1-4

Staðhættir: Á lóðinni Holtsgötu 41b stendur Stóraselsbærinn. Stórasel er í dag tvöfaldur steinbær. Nyrðra húsið var byggt árið 1884 en hið syðra 1893. Búið hefur verið á Stóraseli það lengi að forveri steinbæjarins hefur verið torfhús, samanber kort frá árinu 1801, þegar prestssetur var á Seli. Nafn Sels breytist í Stórasel á 19. öld þegar aðrir Selsbærir byggðust út úr jörðinni.



Lýsing: Húsið snýr nánast norður-suður. Bærinn er með steinhlöðnum veggjum og timburgöflum, ein hæð og ris.

Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
Stórasel	Holtsgata 41b	Bústaður	Steinbær	15	10	Nei	1884	356111,7	408709,1

Sel 1-28

Staðhættir: Sunnan við íbúðarhúsið á Stóraseli voru útihús. Þau sjást á korti frá 1887 eftir Benedikt Gröndal. Húsin hafa staðið þar sem nú er lóð Holtsgötu 39.



Lýsing: Húsin hafa fyrst verið tvær burstir en seinna verða þau ein burst. Yngsta húsið á þessum stað virðist vera timburhús, sjá mynd af Seli sem tekin var 1922-1928. Þar eru þessi hús lengst til hægri á myndinni.

Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
	Holtsgata 39	Útihús	Heimild	8,2	6,7	Að hluta	1887	356112,5	408698,3

¹⁸ Korti frá 1915 eftir Ólaf Þorsteinsson varpað á loftljósmynd frá árinu 2013 úr gagnagrunni Landsupplýsingarkerfis Reykjavíkurborgar.

Sel 1-29

Staðhættir: Tröð Stórasels er merkt inn á kort Benedikts Gröndal frá 1887. Þegar kortinu hefur verið varpað á grunn í Borgarvefsjá má sjá að tröðin hefur náð frá Framnesvegi 34 í norðvestur 92 metra að útihúsum Stórasels, sem hafa verið á lóðinni Holtsgötu 39. Tröðin lá síðan fram með bæjarhúsunum í 40 metra og síðan í vestur 40 metra niður að sjó við Ánanaust 15.

Lýsing: Tröðin hefur verið um 166 m á lengd og um 3 m á breidd, líklega hafa þetta verið steinhlaðnir garðar. Tröðin er að mestu horfin, en mögulegt er að leifar af henni geti fundist fyrir framan bæinn og á lóðum Holtsgötu 35 og 37.



Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
	Holtsgata 35	Tröð	Heimild	166	3	Að mestu	1887	356115,9	408687,5

Sel 1-30

Staðhættir: Á Herforingjaráðskorti frá árinu 1907 er merkt inn hús norðan við Stórasel. Ekki er vitað hvað það hús hét, en það var þar sem í dag er Ánanaust 15.

Lýsing: Hús þetta sést á ljósmynd frá 1922-1928 og sést þar að það hefur verið timburhús.



Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
	Holtsgata 41b	Hús	Heimild	5,7	5,5	Já	1907	356113,8	408727,2

Sel 1-31

Staðhættir:

Ekki er vitað hvar selið hefur verið, en líkur má leiða að því að það hafi verið í nágrenni við Stórasel eða Holtsgötu 41b. Nafn þessa býlis bendir til þess að þar hafi upphaflega verið selstaða frá Vík.¹⁹ Árið 1367 er Sel talið sem eign Jónskirkju postula í Vík, samkvæmt Hítardalsbók.²⁰ Haft var í seli frá landnámi fram á 17. öld. Búið var í seljum á seljatíma og mjólkinn unnin.²¹ Hugsanlega hefur Seltjarnarnes fengið nafnið frá þessu seli. Selsmýri lá vestan Landakotshæðar og norðvestur af henni reis Selsholt svokallað, hvort tveggja kennt við býlið Sel. Vestasti hluti Selsholts fékk með tímanum nafnið Bráðræðisholt eftir bænum Bráðræði.

Númer	Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
1-31	Sel	Holtsgata 41b	Sel	Heimild			Ekki vitað	1367	356110,4	408713,3

¹⁹ Páll Línadal, *Reykjavík Sögustaðir við Sund*, 3 bindi, bls.38.


²⁰ *Íslenskt fornbréfasafn III*, bls. 220.

²¹ Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rannsóknir á Seljum í Reykjavík*, bls.1, skýrsla 159, Minjasafn Reykjavíkur.

Sel 1-32

Staðhættir:

Prestssetrið hefur verið þar sem síðar var Stórasel, Holtsgata 41b. Með konungsúrskurði 1809 var ákveðið að prestssetur skyldi vera í Seli. Þangað fluttist Brynjólfur Sigurðsson (Sívertsen) dómkirkjuprestur (d. 1837). Á korti frá 1801 er merkt inn „Sels Præstegaard“. Annað hvort hefur upplýsingum um prestsetrið verðið bætt inn á kortið eftirá, eða að prestur hefur búið þar þegar árið 1801.²²



Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
Prestssetur	Holtsgata 41b	Torbær	Heimild	30	30	Ekki vitað	1801	356117,2	408708,3

Sel 1-33

Staðhættir:

Á korti frá 1801 er túngarður Sels merktur inn. Hann hefur legið frá ströndinni við Ánanaust, þar sem hringtorgið er í dag, 170 m suður að vegamótum Vesturgötu og Framnesvegur, eftir Framnesvegi í vestur (441 m) og þaðan norður eftir Selsholti (220 m), sem síðar fékk nafnið Bráðræðisholt.



Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
		Túngarður	Heimild	860	2	Ekki vitað	1801		

Sel 1-34

Staðhættir:

Kálgarður var vestan við bæjartröðina á Stóraseli, þar sem í dag eru húsin Sólvallagata 80-84 og Ánanaust 15, auk lóðarinnar sem þar er baka til.²³

Lýsing:

Garðurinn var afgirtur og skiptist í tvennt.



Sérheiti	Staðsetning	Hlutverk	Tegund	Lengd	Breidd	Horfin	Aldur	Hnit X	Hnit Y
	Ánanaust 15	Kálgarður	Heimild	80	44	já	1907	356101,	408711,3

²² Pál Línal, *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 39.

²³ Kort Ólafs Þorsteinssonar 1915 -1918. Reykjavíkur Kaupstaður BL. 1. 1:2000

Niðurstöður

Hér hefur verið gerð grein fyrir fornleifum sem tilheyra býlinu Seli eða Stóraseli. Á bæjarstæðinu eru skráðir 7 minjastaðir. Líklega hafa sel, býli og prestssetur öll verið á sama bæjarhólnum. Nafnið á bænum breyttist úr Seli í Stórasel á 19. öld þegar býli tómt húsmanna byggðust upp á jörðinni og drógu nafn af heimajörðinni. Stórasel er því byggt á gamla bæjarhól Sels því eru fornleifar þar allt í kring um húsið og undir því.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar.
Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884,
Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893,
Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893.
Skjöl byggingarnefndar Reykjavíkur (B) yfir Holtsgötu 41b (B-nr. 758).

Prentaðar heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1934). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn, III. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1857-1950.

Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. *Húsakönnun – Seljavegur – Ánanaust – Holtsgata – Vesturgata*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 135. Reykjavík 2006.

Guðjón Friðriksson. *Indæla Reykjavík*. 6 gönguleiðir um Þingholt og sunnanvert Skólavörðuholt. Reykjavík 1995.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Kort Ólafs Þorsteinssonar 1915 -1918. Reykjavíkur Kaupstaður BL. 1. 1:2000.

Klemens Jónsson. *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, Reykjavík 1929.

Margrét Björk Magnúsdóttir. *Rannsóknir á Seljum í Reykjavík*, bls.1, skýrsla 159, Minjasafn Reykjavíkur 2011.

Páll Línal. Reykjavík: *Sögustaður við Sund*. 3. bindi (R-Ö). Reykjavík 1991.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrabraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ananaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárestígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórs-gata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfjellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórs-gata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Rvk. 2010.
- 155 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.
- 158 Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
- 159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Rvk. 2011.
- 160 Anna Lísu Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lísu Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lísu Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.